

REGLUR

um fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands við viðskiptavaka.

1. Aðili að Verðbréfafingi Íslands, sem gegnir hlutverki viðskiptavaka samkvæmt sérstöðum samningi við Seðlabanka eða með eftirgreindum hætti í tilteknum flokki eða flokkum ríkisskuldabréfa eða ríkistryggðra verðbréfa, sem skráð eru á þinginu, og áformar að sinna áfram hlutverki viðskiptavaka fyrir þau bréf fyrir eigin reikning, á þess kost að fá fyrirgreiðslu hjá bankanum í því formi að selja honum bréf úr þeim flokki eða flokkum með skilmálum sem lýst er nánar hér á eftir. Með hlutverki viðskiptavaka er hér átt við að þingaðili setji daglega fram kaup- og sölutilboð í viðkomandi flokk eða flokka að lágmarki að fjárhæð 5 m.kr. og að munur kaup- og söluávöxtunar sé ekki meiri en 0,25%.
2. Þingaðili og Seðlabanki Íslands skulu gera sérstakan samning um fyrirgreiðsluna í hvert sinn þar sem fram koma m.a. eftirtalin atriði:
 - a. Lýsing á bréfunum sem Seðlabankinn kaupir af þingaðilanum og þingaðilinn endurkaupir innan tiltekinna tímamarka. Í lýsingunni komi m.a. fram heiti bréfanna og samanlagt nafnverð.
 - b. Kaupdagur Seðlabankans og endurkaupadagur þingaðilans. Tíminn þar á milli sé mest 45 dagar en minnst 10 dagar. Ekki skal kaupa verðbréf sem eru með gjalddaga á því tímabili sem samningurinn gildir.
 - c. Kaupverð Seðlabankans og endurkaupaverð þingaðilans. Kaupverðið skal vera 5% lægra en lægsta kaupverð bréfanna á samningsdegi skv. tilboðum á Verðbréfafingi Íslands. Endurkaupaverðið ræðst af kaupverðinu og föstum vöxtum sem skulu vera þeir sömu og gilda við endurhverf ríkisvixlakaup Seðlabankans til 10 daga að viðbættu 0,25% álagi.
 - d. Ákvæði um að Seðlabanki eigi rétt á að selja verðbréfin fyrir eigin reikning, verði ekki staðið við endurkaup þeirra á tilgreindum endurkaupadegi.
 - e. Yfirlýsing þingaðila um að hann muni að jafnaði kaupa og selja umdrædd bréf og að hann muni opinbera það með eins mánaðar fyrirvara ef hann hyggst hætta því.
3. Fyrirgreiðslan við hvern og einn þingaðila er háð eftirgreindu hámarki:

Í hverjum mánuði skal samanlagt kaupverð Seðlabankans ekki vera meira en 400 m.kr. og þó ekki meira en sem svarar helmingi þess sem þingaðilinn hefur keypt af verðbréfum, skv. 1. gr. undangengna sex mánuði, enda komi þau kaup fram í viðskiptum tilkynntum Verðbréfafingi Íslands.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til 11. greinar laga nr. 36 frá 5. maí 1986 um Seðlabanka Íslands, taka gildi 17. september 1997. Jafnframt falla úr gildi reglur um fyrirgreiðslu Seðlabankans við viðskiptavaka frá 19. mars 1997. Reglurnar eru breytanlegar án fyrirvara.

Reykjavík, 15. september 1997.

Seðlabanki Íslands,
Birgir Ísl. Gunnarsson. Eiríkur Guðnason.